

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 20.03.2025

Verkefnaráð	1
Kynning á heildarsýn Ráðgjafans - Ósk um fjármagn.....	2
Sharepoint - Ósk um fjármagn.....	4
Ný verkefni í Hlöðunni - Ósk um fjármagn.....	6
Önnur mál	7

Verkefnaráðsfundur 20.03.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2025
Dagsetning 20.03.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Kristjana Nanna Jónsdóttir, Magnús Bergur Magnússon, Tindur Óli Jensson, Sigrún Lára Sverrisdóttir og Lena Dögg Dagbjartsdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir / Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 20. mars 2025, kl. 10:00 –11:30 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:30 Kynning á heildarsýn Ráðgjafans – Tindur Óli og Magnús Bergur
10:30–10:35 Umræður
10:35–10:50 Sharepoint – Sigrún Lára og Lena Dögg
10:50–10:55 Umræður
10:55-11:10 Smærri verkefni Hlöðunnar – Kristjana Nanna og Óskar Þór
11:10-11:15 Umræður
11:15-11:20 Minnisblað frá verkefnastjóra Domain verkefnisins.
11:20-11:30 Umræður
11:30 Fundi slitið

Kynning á heildarsýn Ráðgjafans - Ósk um fjármagn

Óskað var eftir kynningu á heildarsýn Ráðgjafans eftir verkefnaráðsfund þann 6. febrúar s.l.

Umbreytingaverkefni

Þegar farið var af stað með umbreytingu á þjónustu Velferðarsviðs var lagt upp með að nýtt kerfi veitti betra gegnsæi, yfirsýn, sjálfsafgreiðslu og betra aðgengi fyrir notandann að sínum málum. Kerfið átti einnig að veita skilvirkari ráðgjöf þar sem minni tími færi í skrifræði og meiri tími í raunverulegan stuðning. Fyrsta útgáfa umbreytingaverkefnisins skilaði af sér þremur lausnum: símabókunarkerfi, þjónustugátt notenda – Stoð, vinnugátt starfsfólks – Ráðgjafinn.

Ráðgjafinn

Líkt og fyrr segir þá var ein af afurðum umbreytingarverkefnisins Ráðgjafinn. Ráðgjafinn mun taka yfir málaskrá velferðarsviðs og hefur málaflokkurinn fatlað fólk verið innleiddur í Ráðgjafann og verið er að vinna að yfirfærslu á málaflokknum virkni og ráðgjöf. Næst munu börn og fjölskyldur, aldraðir og skólaþjónustan flytjast yfir í Ráðgjafann. Ráðgjafinn einfaldar og skýrir stuðningsferlið fyrir bæði starfsfólk og íbúa. Kerfið tryggir skilvirkni og gegnsæi, íbúar hafa aðgang að sínum málum á einum stað og ráðgjafar eyða minni tíma í skriffinsku og meiri tíma í að styðja íbúann.

Þróun Ráðgjafans

Þegar unnið er að því innleiða málaflokka í Ráðgjafann eru tekin fyrir heil ferli, þannig er lágmörkun við tvískráningar og notendur þurfa síður að flakka á milli kerfa. Til þess að geta flutt yfir málaflokka er mikilvægt að unnið sé samhliða í málaflokksvirkni (það sem þarf til að hægt sé að koma fólki í þjónustu) sem og stoðvirkni (það sem þarf til þess að halda utanum þjónustuna). Ráðgjafinn er þróaður eftir fremsta megni í endurnýtanlegum einingum sem geta nýst í öðrum þjónustum. Utanaðkomandi lausnir munu tengjast kerfinu til hagræðingar en þar má nefna Microsoft Bookings en það kerfi mun halda utan um viðtalsbókanir og símabókanir.

Hér að neðan má sjá tímalínu verkefnisins og líkur verkefninu þegar málaskrá velferðarviðs hefur verið lokað.



Langtímamarkmiðið er að bæta þjónustuupplifun íbúa, auka skilvirkni ráðgjafa og skipta út málaskrá velferðarviðs.

Áætlaður kostnaður: 402 m.kr.

Ábati verkefnisins:

Mælanlegur ábati:

Lokun málaskrár

Leyfisgjöld

- Devdom - þróunarþjónn Lotus Velferðarkerfa - 1 leyfi - 742.674 kr á ári
- Secdom - raunþjónn Lotus Velferðarkerfa - 1 leyfi - 57.050.158 kr á ári
- Lotus Notes hefðbundið - 807 leyfi - 13.095.132 kr á ári

Rekstrargjöld

- Laun fyrir forritara málaskrár - 54 milljónir á ári

Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar ráðgjafans sem er áætlaður um 30,5 milljón kr. á ári þá er heildar útgjaldasparnaður áætlaður 94,5 milljón kr. á ári. Eins og gefur að skilja kemur sparnaðurinn ekki fram á útgáfudegi heldur mun raungerast í skrefum eftir því sem innleiðingu Ráðgjafans og útleiðingu Málaskrár framvindur

Annar ábati:

- Meiri skilvirkni með betri tengingum á milli kerfa. Meira skipulag á gögnum – auðveldar afgreiðslu beiðna um gögn
- Fækkun og einföldun á svarbréfum
- Færri símtöl til ráðgjafa
- Hraðari afgreiðsla mála
- Möguleiki á samnýtingu með öðrum sveitafélögum

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 20.03.2025: 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Frábær kynning og mjög skýr. Næsta skref að útbúa eina heildar heimildarbeiðni, þar sem markmið verkefnisins og vörður eru skýrt settar fram.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra Ráðgjafans og stafrænan leiðtoga VEL	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra Gagnþjónustu	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Öryggisflokkun gagna/Sharepoint - Ósk um fjármagn

SharePoint er skýjalausn Microsoft sem gerir okkur kleift að geyma, stjórna og deila skjölum, gögnum og vinnusvæðum á einum stað. Með verkefninu aukum við skilvirkni og öryggi fyrir starfsfólk ásamt því að vinna þá grunnvinnu sem er nauðsynleg til þess að Reykjavík geti nýtt sér og hámarkað gervigreind í starfi.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Verkefnastjóra.
- Tveimur starfsmönnum frá Upplýsinga- og skjalastýringu (USS).
- Stuðning frá Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar.
- Sharepoint sérfræðing.
- Fræðsluaðila.

- Stuðning frá Hönnunarteymi.
Fjármagn: 36 m.kr

Hvað er búið að gera:

- Vörustjórar hafa greint fyrra verkefni þar sem innleiðing Sharepoint var undirbúin og markað skýra sýn varðandi áframhald.
- Undirbúningsfundur með upplýsinga- og skjalastýringu (USS).
- Undirbúningur með stafrænum leiðtogum.
- Samtöl við svið borgarinnar.
- Einhver svið eru nú þegar byrjuð á tiltekt á sínum svæðum og undirbúningi fyrir verkefnið.
- Vinnustofa utan um þarfagreiningu með Microsoft.

Með verkefninu á m.a að:

Ljúka innleiðingu á Sharepoint.

- Setja af stað nýtt verkefni með breyttum og skýrari áherslum.
- Einfaldara og öruggara vinnuumhverfi og bætt upplýsingagjöf.
- Bæta samþættingu við Teams, Viva (samskiptaforrit) og gervigreind.
- Undirbúningsvinna fyrir hámarksnýtingu á CO-pilot (gervigreindartól Microsoft).

Væntur ávinningur/ábat:

- Hámarks nýting gervigreindar.
- Örugg geymsla gagna, aðgangsstýring og útgáfustjórn.
- Samvinna í rauntíma.
- Sjálfvirknivæðing ferla.
- Bætt upplýsingaflæði.
- Sveigjanleiki og skalanleiki gerir það að verkum að lausnin hentar öllum deildum og er auðveld í stýringu og viðhaldi.
- Kostnaður liggur eingöngu í vinnuframlagi við útfærslu - Leyfakostnaður er ekki að aukast.

Tímarammi: 6 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 36 m.kr.

Næstu skref:

- Fundur með hagsmunaaðilum.
- Senda út verðfyrirspurn.
- Setja saman teymi.
- Skipuleggja vörður í verkefni.
- Verkefni verður unnið í nánú samstarfi við Viva innleiðingu.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs 20.03.2025: 3,47

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt, mjög mikilvægt uppá gagnaöryggi, fylgir með gagnaverkefnum.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra M365 og deilarstjóra vef- og vörustýringar.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Ný verkefni í Hlöðunni - Ósk um fjármagn

Hlaðan er upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar en innleiðing hófst árið 2020 og er Hugvit framleiðandi kerfisins. Árið 2023 lauk innleiðingarverkefni Hlöðunnar og eru notendur um 1500 talsins í dag. Samþættingar við önnur kerfi hafa verið stór hluti vinnu teymisins seinasta árið og var það rakið á fundi verkefnaráðs þann 6. febrúar 2025.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir 5 m.kr á árinu 2025 til að standa undir nauðsynlegum viðhalds- og þróunarkostnaði í Hlöðunni.

Í hnotskurn – staðan í dag:

Fjármögnun í gjaldskrá ÞON 2025

- Mánaðarleg þjónustugjöld fyrir Hlöðu, Safnið (safn eldri upplýsinga) og Byggingarfulltrúaviðmót.
- Laun vörustjóra (100%).

Í gjaldskrá ÞON 2025 er ekki svigrúm fyrir vinnu Hugvits, þjónustuaðila Hlöðunnar, eða annarra verktaka við smærri verkefni í þróun, ítrun og viðhald á árinu 2025 og er því sótt um fjármagn til þess að fjármagna þessa þætti.

Verkefni ársins:

Smærri þróunarverkefni sem gagnast öllum notendum Hlöðunnar þvert á svið sem þyrfti að fara í á árinu 2025:

- Ítrun á lausn á birtingu skjala í stafrænu pósthólfi á island.is.
- Ítrun á tengingu við Mínar síður.
 - t.d. til að umsýsla styrkumsókna frá Mínum síðum geti verið betri í Hlöðunni.
- Umbætur í fundar- og samningaviðmóti.
- Tenging við PowerBI (skýrslugerðartól).

Tímarammi: 9 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 5 m.kr.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Ekki samþykkt sem fjárfesting, heldur rekstur hjá skrifstofu upplýsinga og skjalastýringar.

Nr.	Ákvörðun
1	Ekki samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörstjóra Hlöðunnar og Skrifstofustjóra upplýsinga- og skjalastýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Minnisblað vegna Domain verkefnis

Á dagskrá Verkefnaráðs þann 3. október 2024 var umræða um afurð Domain verkefnisins. Markmið verkefnisins er að koma öllu starfsfólki í eitt lén í stað tveggja til þess að auðvelda samvinnu á milli starfsfólks og einfalda innleiðingu á stafrænum lausnum. Í lok verkefnisins mun því allt starfsfólk borgarinnar tilheyra léninu reykjavik.is.

Skrifstofustjóri upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar (UTR) bar upp spurningar um verkefnið sem er í vinnslu hjá UTR. Því var velt upp hvort að verkefnaráð hefði verið meðvitað um að útfösun á skólaumhverfinu væri ekki innan umfangs verkefnis, einungis hafi átt að sameina starfsfólk undir sama léni (domain-i). Verkefnaráð taldi mikilvægt að útfösun á fyrra umhverfi (rvkskolar.is) sé innan umfangs verkefnis og var sú niðurstaða send á verkefnastjóra fyrrnefnds verkefnis.

Verkefnastjóri tók saman samantekt í minnisblaði þar sem farið er yfir að það að útfösun á léninu rvkskolar.is hafi ekki verið innan umfangs verkefnis þegar það var lagt fyrir og fylgja með gögn því til stuðnings í viðauka. Samkvæmt upprunalegri skilgreiningu verkefnisins á ein af lokaafurðum verkefnisins að vera tillaga að því hvernig léninu rvkskolar.is verði útfasað. Verði óskað eftir breytingu á skilgreiningu verkefnisins þarf að leggja til nýja kostnaðar- og tímaáætlun og óska eftir fjármagni fyrir þann hluta.

Í minnisblaðinu er eftirfarandi tillaga lögð fram:

- Að verkefnahópurinn vinni að umfangsmati þar sem mat er lagt á hvort fýsilegra sé að útfasa rvkskolar.is hratt eða hvort hagkvæmara sé að gera það yfir lengri tíma. Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun um útfösun á rvkskolar.is verði lögð fram í framhaldinu fyrir verkefnaráð.
- Að umfangsmati loknu verði tekin afstaða til hvort útfösun á rvkskolar.is léninu verði skilgreint sem fasi III í verkefninu eða verði skilgreint sem sér verkefni.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Tillaga samþykkt. Verkefnastjóri vinnur umfangsmat og kemur með fyrir verkefnaráð.

Aftur í efnisyfirlit